



## Velferðarvaktin

Til barnaverndarnefnda

26. mars 2010

### Hvatt til skila á eyðublöðum og öðrum upplýsingum til Barnaverndarstofu

Velferðarvaktin var stofnuð í febrúar 2009 í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar og er henni ætlað að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagsástandsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu. Vaktin hefur frá upphafi beint sjónum sínum sérstaklega að aðstæðum barna. Á síðastliðnu hausti fól velferðarvaktin Rannsóknasetri í barna- og fjölskylduvernd að vinna yfirlit yfir tilkynningar til barnaverndarnefnda á árunum 2005–2009 og voru niðurstöður birtar í skýrslu í nóvember 2009. Rannsóknin byggði á tölulegum gögnum sem Barnaverndarstofa hefur aflað frá barnaverndarnefndum, en gögn stofunnar veita mikilvægar upplýsingar um velferð barna í landinu. Rannsóknina er að finna á vefslóðinni <http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferðarvaktin/>

Velferðarvaktin stefnir að því að fela Rannsóknasetri í barna- og fjölskylduvernd að gera frekari rannsóknir á tilkynningum til barnaverndarnefnda, meðal annars um eðli mála og um könnun barnaverndarnefnda í framhaldi af tilkynningu. Tölulegar upplýsingar frá barnaverndarnefndum eru einnig mikilvægar við gerð félagsvísa sem velferðarvaktin vinnur að um þessar mundir, en félagsvísar eiga að greina þróun velferðar í landinu að teknu tilliti til félagslegra aðstæðna og heilsufars íbúanna.

Af þessu tilefni beinir velferðarvaktin því eindregið til barnaverndarnefnda á landinu að senda Barnaverndarstofu ævinlega innan tilskilinna tímamarka útfyllt eyðublöð og aðrar upplýsingar sem stofan kallar reglubundið eftir. Einkum á þetta við um sískráningu barnaverndartilkynninga fyrir 15. dag hvers mánaðar og skil ársskýrslu fyrir 1. maí ár hvert. Því fyrir sem gögn berast frá barnaverndarnefndum þeim mun fyrir er unnt að vinna heildarniðurstöður og bregðast við ef nauðsyn krefur.

Með góðri kveðju,

Lára Björnsdóttir  
formaður velferðarvaktarinnar